

Reykjavík 10. janúar 2011

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskóla, 86. mál. Flm.: Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir.

*Umsagnaraðili: Stjórn Félags félagsfræðikennara í framhaldsskólum.*

Tillaga flutningsmanna gengur út á að fela mennta- og menningarmálaráðherra að breyta aðalnámskrám grunnskóla og framhaldsskóla þannig að heimspeki verði skyldufag. Kenndur verði að meðaltali einn áfangi á hverjum tveimur árum á grunnskólastigi og að meðaltali einn áfangi á hverju skólaári á framhaldsskólastigi. Í greinargerð vísa flutningsmenn til skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um að nauðsynlegt sé að efla siðfræðilega menntun allra fagstétta á Íslandi og umræðu um gildi siðareglna.

Hér verður aðallega fjallað um þann hluta þingsályktunarinnar sem snýr að miðstýringu náms í framhaldsskólum: að allir nemendur þeirra verði skyldaðir til að læra að meðaltali einn áfanga í heimspeki á hverju ári framhaldsskólanáms án tillits til hvers eðlis nám þeirra annars er.

Það er ekki nýtt að stjórnámamenn eða aðrir ætli sér að leysa vandamál samfélagsins eða jafnvel alls heimsins með kennslu einstakra greina í skólum. Frá undanförunum árum muna undirrituð eftir kröfum um að m.a. hugsun, áttahagafræði, félagsfræði, fjármálaræsi, friðarfræðsla, grenndarkennsla, jafnréttisfræðsla, kynjafræði, listasaga, menntun til sjálfbærni / umhverfismennt, neytendafræði, nýsköpun, samskipti, sálfræði, siðfræði, sjálfstyrking, tjáning, tölvu- og upplýsingatækni og uppeldisfræði verði skyldugreinar á einhverju skólastiginu. Tímabundin orðræða í samfélaginu hefur þannig stýrt hugmyndum um hvað eigi að kenna. Sumar þessar greinar eru eitthvað kenndar og allar eiga þær erindi, jafnvel meira en margt sem nú er kennt. Skólinn er hins vegar ekki vettvangur tiskudrauma og kennsla einstakra greina ætti sannarlega ekki að vera leiksoppur þeirra stjórnámamanna sem við völd sitja hverju sinni.

Ný lög um framhaldsskóla öðluðust gildi 1. ágúst 2008. Með þessum lögum er m.a. sérstaklega stefnt að því að meðalnámstími til stúdentsprófs styttest, að sveigjanleiki námsskipulags verði stórukinn og að dregið verði stórlega úr miðstýringu á námsframboði og í námskrágerð.

Til þess að svo mætti verða var m.a. hætt að tiltaka í aðalnámskrá einstaka námsáfanga sem væru skyldunám til stúdentsprófs. Áður var skylda að nemendur stærstu brautanna til stúdentsprófs lykju ákveðnum áföngum sem taldir voru undirstaða frekara náms. Nemendur skyldu þannig allir ljúka tilteknum 15 einingum í íslensku, 9 einingum í ensku, 6 einingum í

dönsku, 12 einingum í þriðja tungumáli, 8 einingum í íþróttum, 9 einingum í náttúruvísindum, 6 einingum í stærðfræði, 6 einingum í sögu og 3 einingum í félagsfræði. Samkvæmt lögnum sem tóku gildi í ágúst 2008 er dregið úr miðstýringu og hætt að skylda nemendur til að taka flesta þessara áfanga. Kjarnánámsgreinar eru nú aðeins þrjár og eiga allir stúdentsprófsnemendur að ljúka að lágmarki 45 nýjum námseiningum sem skiptast milli náms í íslensku, stærðfræði og ensku.

Virðist því sem breyta þurfi lögum til þess að gera heimspeki að sérstakri skyldugrein sem er þá talin mikilvægari en m.a. sú þekking sem áður var krafist í þriðja tungumáli, náttúruvísindum, sögu og í almennri félagsfræði.

Gildistöku nýju framhaldsskólalaganna 2008 var frestað nú í júní fram til ársins 2015 hvað varðar að skólar setji sér nýjar brautarlýsingar. Framhaldsskólar hafa engu að síður verið að vinna að nýjum brautarlýsingum og sumir skólar hafa nú þegar fengið leyfi til að starfrækja brautir samkvæmt nýjum brautarlýsingum. Ljóst er að nýjar breytingar muni leiða til þess að endurskoða þurfi alla þá vinnu. Ef þingsályktunartillagan verður samþykkt og menntamálaráðherra mun gera sérstaka námsgrein að skyldunámi mun sú vinna sem nú hefur unnin sett í uppnám. Það er ekki það sem skólar þurfa á að halda á niðurskurðartíma.

Ekki kemur fram í greinargerðinni hvernig heimspekikennsla verði til þess að styrkja ábyrgðarkennd nemenda gagnvart samfélaginu né hvernig hún styrki gagnrýna hugsun. Ekki er heldur tekið á því hvers konar heimspekikennsla eigi að verða að skyldunámi. Er hugsunin sú að einhverskonar heimspekikennsla geri bankastjórnendur og stóreignamenn heiðarlegrir og stjórnámamenn skynsamari?

Í nýrri námskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla er sérstök áhersla lögð á grunnþætti menntunar en í drögum um námskrá segir m.a. um þá:

Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að jafnrétti og lýðræði og að stuðla að því að samfélagið fái vel menntað fólk, bæði til þátttöku í að breyta samfélaginu til betri vegar og til þeirra starfa sem eru unnin í samtímanum  
(sjá Aðalnámskrá framhaldsskóla – drög að almennum hluta)

Á mörgum stöðum í námskránni kemur fram að ofangreindir grunnþættir eiga að fléttast inn í allt skólastarf og vera sýnilegir bæði í inntaki námsgreina, kennsluaðferðum svo og starfsháttum skóla. Það er því ljóst að í drögum að nýrri námskrá er gert ráð fyrir að siðferði, gagnrýni og lýðræðisleg viðhorf skuli ræktuð með nemendum í öllu skólastarfi en ekki sem sérstök námsgrein.

Í þingsályktunartillögunni kemur ekki annað fram en að heimspekikennsla eigi að vera skyldunámsgrein á hverju ári framhaldsskólanáms. Vandséð er hvernig þessi útfærsla kemur til með að hafa áhrif á alls kyns starfsnáms og treysta umsagnaraðilar sér ekki til að taka á þeim þætti.

Stjórn félags félagsfræðikennara í framhaldsskólum leggur eindregið til að tillaga Þórs Saari og Birgittu Jónsdóttur verði felld:

- Með tillögunni er verið að hverfa frá þeim anda framhaldsskólalaganna að draga úr miðstýringu og að færa námskrágerð framhaldsskóla í þeirra eigin hendur.
- Tillagan ber keim að tímabundinni orðræðu um hvaða nám henti í skólum. Væntanlega munu í kjölfar samþykktar tillögunnar koma fram kröfur um að hinar ýmsu greinar verði að skyldunámi enda erfitt að rökstyðja að ein grein geti verið mikilvægari en önnur.
- Framhaldsskólar hafa verið að vinna í námskrágerð í samræmi við ný lög og ef tillagan verður samþykkt þá er þeirri vinnu hleypt í uppnám.
- Í drögum að nýrri námskrá fyrir framhaldsskóla er þegar gert ráð fyrir að allt skólastarf taki til siðferðislegrar umræðu og gagnrýnnar hugsunar.
- Tillagan virðist lögð fram án þess að hugað sé að því hvers konar nám nemendur stunda í framhaldsskólum og án tillits til ólíkra skólagerða.

F.h. stjórnar Félags félagsfræðikennara í framhaldsskólum



Hannes Ísberg Ólafsson  
formaður